

1803120

Rósa Sif Jónsdóttir

Frá: Ásta Stefánsdóttir Sent: 13.6.2018 10:12:37
 Til: Signý Harpa Hjartardóttir
 CC:
 BCC
 Efni: FW: Ný persónuverndarlög hafa verið samþykkt og taka gildi 15. júlí n.k.
 Viðhengi: [persónuverndarstefna-reykjanesbæjar.pdf](#), [image001.jpg](#)
 Málsmúmer: 1803120



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Ásta Stefánsdóttir
 Framkvæmdastjóri Sveitarfélagsins Árborgar

Póstur: asta@arborg.is

Sími: +354 4801900 Gsm: +354 4801900

Ráðhús Árborgar / Austurvegi 2 / 800 Selfoss / Sími 480 1900 / Fax 480 1901

From: Telma Halldórsdóttir [mailto:telma.halldorsdottir@samband.is]

Sent: miðvikudagur, 13. júní 2018 10:06

Subject: Ný persónuverndarlög hafa verið samþykkt og taka gildi 15. júlí n.k.

Til: Framkvæmdastjóra sveitarfélaga

Lögfræðingahóps um persónuvernd

pósthóps um persónuvernd.

Efni: Ný persónuverndarlög hafa verið samþykkt sem taka gildi 15. júlí n.k.

Heil og sæl öll sömul. Alþingi samþykkti seint í gær ný persónuverndarlög sem taka gildi 15. júlí n.k. Þrátt fyrir að sambandið sé afar óánæggt með hvernig staðið hefur verið að löggjöfni og hversu lítið hefur verið hlustað á sjónarmið um kostnað sveitarfélaganna þá breytir það ekki þeim veruleika að það er mánuður til stefnu hjá sveitarfélögum að undirbúa sig fyrir löggjöfina og hafa vinnuáætlun um hvernig eigi að ljúka vinnu þar sem hún næst ekki fyrir gildistölu.

Vill sambandið benda á eftirfarandi tékklista sem var hluti af grein sem birtist í fréttablaðinu 25. maí sl. en þar sagði m.a.:

"Því væri ekki úr vegi að nýir sveitarstjórnarmenn sem taka sæti að loknum sveitarstjórnarkosningum á morgun fari hið fyrsta yfir stöðu mála í sínu sínu sveitarfélagi og kanni þá m.a. eftirfarandi:

- Er kominn persónuverndarfulltrúi hjá sveitarfélaginu, sem uppfyllir þær ríku kröfur sem gerðar eru í lögnum?
- Hefur vinnsla sveitarfélagsins verið skoðuð og vinnsluskrá gerð?
- Hafa öryggiskerfi og skjalakerfi sveitarfélagsins verið skoðuð m.v. kröfur í nýjum lögum?
- Hafa samningar við vinnsluaðila verið yfirfarnir?
- Hefur sveitarfélagið sett sér persónuverndarstefnu og önnur skjöl sem lögin gera ráð fyrir?
- Er sveitarfélagið með áætlun um innleiðingu og hlýtingu?

Sé undirbúningur skammt á veg komin er mikilvægt að búa til tímasetta verkefnaáætlun þar sem skipulagt er með nákvæmum hætti hvernig sveitarfélagið ætli sér að uppfylla kröfur laganna. Þar sem þessi vinna er ekki bara tímafrek heldur líka kostnaðarsöm skiptir skipulag höfudmáli."

Mjög mikilvægt er að sveitarfélög séu nú dugleg að styðja hvort annað við undirbúning og deila skjölum og sendi ég hér persónuverndarstefnu Reykjanesbæjar sem er að okkar mati til fyrirmyndar og þökkum við Reykjanesbæ fyrir að deila hennu.

Séu aðrir að vinna svipuð skjöl þá skorum við á þá að senda skjöl áfram, ertu t.d. einhverjir farnir að huga að vinnu fyrir samlagsfélög sveitarfélaga? Mikilvægt er að hafa í huga að sömu kröfur gilda um þau út frá lögnum. Þá verður ráðning persónuverndarfulltrúa að vera í forgangi þar sem lagaskylda er fyrir allar opinberar stofnanir að hafa persónuverndarfulltrúa frá 15. júlí n.k. Vill sambandið hvetja minni sveitarfélög enn og aftur til að skoða hvort þau geti ekki sameinast um slíkan persónuverndarfulltrúa og væri t.d. hægt að skoða að hann hefði sæti hjá landshlutasamtökum og sinni ákveðnu svæði.

Við hjá sambandinu erum á fullu að vinna í Mentor máli og höfum verið á fundartörn um landið að hitta skjólastjórnendur en þeirri fundartörn líkur á föstudag með fundi á Akureyri. Þá vinnur sambandið með Reykjavíkurborg að frekari innleiðingu hjá grunnskólum, við að hefja vinnu í leikskólum og við frístundastarf, en það verkefni var styrkt af jöfnunarsjóði.

Brettum öll upp ermarnar.

F.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga,

Telma